



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Sumaropnun leikskóla 2020

Samantekt á tilraunaverkefni

Samantekt skrifstofu skóla- og frístundasviðs
Hanna Halldóra Leifsdóttir, Helga Guðmundsdóttir og Sigrún Harpa Magnúsdóttir
Nóvember 2020

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	1
Inngangur	3
Mat á tilraunaverkefninu.....	3
1. Upplýsingagjöf.....	5
Framkvæmd.....	5
Um upplýsingagjöf úr rýnihópum og könnun foreldra.....	6
Samantekt	6
2. Almennt skipulag	7
Almennt um skipulag sumarleikskóla.....	7
Frístundastarf og aðlögun yngstu barna eftir sumarfrí.....	7
Umfang vinnu leikskólastjóra	7
Aðlögun barna í sumarleikskóla og viðfangsefni	8
Samantekt	8
3. Líðan barna	10
Rýnihópur leikskólastjóra um líðan barna.....	10
Viðhorfskönnun foreldra um líðan barna.....	10
Samantekt	10
4. Kostnaður og nýting á vistunartíma í sumarleikskólum 2020	11
Nýting barna sem komu úr öðrum leikskólum	11
Fjöldi starfsmanna úr öðrum leikskólum.....	11
Nýting barna í sumaropnunarleikskólunum	11
Kostnaður við sumaropnun leikskóla 2020	12
Hlutfall barna af heildarfjölda barna sem komu í sumaropnun	13
Viðhorf leikskólastjóra um kostnað.....	14
Viðhorfskönnun foreldra	14
Samantekt	15
Heildar samantekt og niðurstaða á tilraunaverkefninu	16
Upplýsingaflæði.....	16
Almennt skipulag.....	16
Líðan barna	16
Kostnaður og nýting á vistunartíma	17

Fylgiskjöl:	18
Fylgiskjal 1: Fundargerð borgarráðs, 26. mars 2020, nr. 5581.....	19
Fylgiskjal 2: Fundargerð borgarráðs, 14. maí 2020, nr. 5586.....	20
Fylgiskjal 3: Foreldrakönnun.....	22
Fylgiskjal 4: Tilkygning til foreldra leikskólabarna.....	29
Fylgiskjal 5: Umsóknareyðublað um sumarleyfi.....	30
Fylgiskjal 6: Auglýsing send til leikskólastjóra.....	31
Fylgiskjal 7: Upplýsingar um sumaropnun á vef borgarinnar og í fjölmiðlum.....	32

Töflur:

Tafla 1: Hlutfall af nýttum vistunartíma barna úr öðrum leikskólum:.....	11
Tafla 2: Hlutfall af nýttum vistunartíma barna úr sumarleikskóla:.....	12
Tafla 3: Úthlutaður launakostnaður til sumaropnunarleikskóla:	13
Tafla 4: Úthlutaður annar rekstrarkostnaður til sumaropnunarleikskóla:	13
Tafla 5: Úthlutaður afleysingakostnaður til þeirra leikskóla sem sendu starfsmenn til sumaropnunarleikskóla:	13

Viðhorfskönnun foreldra:

Hallgerður Inga Gestsdóttir, tölfraði- og rannsóknarþjónusta skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Inngangur

Í samræmi við ákvæði í samstarfssáttmála meirihluta borgarstjórnar var samþykkt á fundi borgarstjórnar 4. september 2018 að einn leikskóli í hverju hverfi yrði opinn allt sumarið 2019 (*fylgiskjal 1*). Ákveðið var að hafa sama háttinn á sumarið 2020 og bjóða foreldrum aukinn sveigjanleika á orlofstímanum með því að hafa sex leikskóla opna, einn í hverju hverfi.

Þeir leikskólar sem voru með sumaropnun 2020 voru Bjartahlíð í Miðborg/Hlíðum, Rofaborg í Árbæ/Grafarholti og Lyngheimar í Grafarvogi en þeir tóku einnig þátt í verkefninu 2019. Bakkaborg í Breiðholti, Vinagerði í Laugardal/Háaleiti og Drafnarsteinn í Vesturbænum komu nýir inn í verkefnið árið 2020. Undirbúningur vegna sumaropnunar hófst strax upp úr áramótum þar sem tekið var tillit til þeirra umbótaþátta sem fram komu í skýrslu vegna sumaropnunar 2019, t.a.m. að kynna og auglýsa betur þennan kost fyrir foreldrum.

Breyting frá árinu 2019 var gerð á ráðningum starfsmanna þannig að mönnun vegna verkefnisins var á hendi opnu leikskólanna sumarið 2020. Auk þess var gerð sú breyting að foreldrum og börnum, úr leikskólum sem lokuðu yfir sumartímann, var boðið upp á heimsókn í sumarleikskólann áður en hann byrjaði til að aðlögun og yfirfærslan hefði sem minnstu áhrif á vellíðan barnsins.

Til viðbótar við verkefnið um sumaropnun leikskóla var samþykkt í borgaráði, þann 14. maí, tillaga þar sem lagt var til að sumarið 2020 yrði heimilt að víkja frá reglum um leikskólaþjónustu þar sem segir að barn verði að vera að lágmarki í tuttugu virka daga í sumarleyfi (*fylgiskjal 2*).

Foreldrum/forsjáraðilum barna í leikskólum Reykjavíkurborgar, sem vegna skerðingar á leikskólaþjónustu í samkomubanni vegna Covid-19 á tímabilinu 16. mars til 30. apríl, þurftu að ganga á orlofsdaga sína og áttu af þeim sökum innan við 20 daga í sumarorlof var gefinn kostur á að sækja um fækkun sumarleyfisdaga leikskólabarns. Ákveðið var að bjóða þeim foreldrum sem sóttu um tilslökun á sumarleyfi fyrir sitt barn að sækja um dvöl í hverfisleikskóla sem yrði opinn sumarið 2020. Hvert barn varð þó að fá að lágmarki 10 daga sumarleyfi á þeim tíma sem heimaleikskóli þess lokar vegna sumarleyfa. Framangreint gildi eingöngu fyrir sumarið 2020 og getur hafa haft áhrif á fjölda barna sem nýttu sumaropnun 2020. Gert var ráð fyrir því að með þessari einstöku aðgerð gæti orðið umtalsverð fjölgun í hópi þeirra barna sem myndu nýta sumaropnun. Þessi skýrsla er því í raun mat á tveimur verkefnum sem runnu saman í þessari útfærslu þ.e. annars vegar sumaropnun fyrir börn sem ekki gátu tekið sumarleyfi á sama tíma og heimaleikskóli og hins vegar úrræði fyrir börn vegna tilslökunar á reglum um fjölda sumarleyfisdaga.

Mat á tilraunaverkefninu

Matið var unnið af starfsmönnum á skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Gagna var aflað með rýnihópum leikskólastjóra, foreldrakönnun til þeirra sem nýttu sumaropnun, gögnum um nýtingu pláss og kostnaðargreiningu.

Tveir rýnihópar leikskólastjóra voru haldnir, í öðrum hópnum voru leikskólastjórar sem voru með sumaropnun og í hinum hópnum voru leikskólastjórar þeirra leikskóla sem voru lokaðir en börn úr þeim nýttu tilboð þeirra leikskóla sem voru með sumaropnun. Ákveðið var að hafa aðeins rýnihópa leikskólastjóra við mat á verkefninu sumarið 2020, bæði til þess að minnka fjölda þeirra sem komu saman í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu vegna Covid-19 og vegna þess að mikill samhljómur var milli hópa við mat á sumaropnun 2019.

Viðhorfsskönnun var send til foreldra sem nýttu sumaropnun (*fylgiskjal 3*) með tölvupósti. Svörun stóð yfir frá 26. ágúst til 19. september. Könnunin var send á 232 netföng foreldra, á íslensku, ensku og pólsku. 95 svör bárust af 232, eða 41% svarhlutfall. Það er töluvert lægra en svarhlutfall viðhorfsskönnunar til foreldra sem nýttu sumaropnun 2019, sem var 62% en þá var könnunin send á 120 netföng og svör bárust frá 75 foreldrum. Hafa þarf í huga þegar vitnað er í svör foreldra sem tóku þátt í viðhorfsskönnun 2020 að svarhlutfall var fremur lágt.

Við mat á verkefninu var greiningunni skipt upp í sömu áherslupætti og metnir voru vegna sumaropnunar 2019.

Matspættirnir voru:

1. Upplýsingaflæði
2. Almennt skipulag
3. Líðan barna
4. Kostnaður og nýting á vistunartíma

1. Upplýsingagjöf

Framkvæmd

Tölvupóstur vegna sumaropnunar var sendur til allra foreldra leikskólabarna í Reykjavík 11. mars 2020 í gegnum skráningarkerfið Völu á þremur tungumálum; íslensku, ensku og pólsku. Þar var auglýst sumaropnun í einum leikskóla í hverju hverfi í Reykjavík (*fylgiskjal 4*), ásamt umsóknareyðublaði (*fylgiskjal 5*). Umsóknarfrestur var til 1. apríl. Auk þess var sérstök auglýsing um tilraunarverkefnið send til leikskólastjóra, einnig á þremur tungumálum, sem þeir voru beðnir um að hengja upp í leikskólanum (*fylgiskjal 6*). Í ljósi aðstæðna var þess einnig óskað að leikskólastjórar myndu fylgja auglýsingunni eftir innan síns leikskóla þar sem verkfall hafði staðið yfir og því stór hluti foreldrahópsins komið stopult inn í leikskólann.

Lokafrestur til að sækja um þátttöku í tilraunarverkefninu um sumaropnun var eins og fram kom hér að ofan 1. apríl. Ákveðið var í ljósi aðstæðna (verkfalla, Covid-19 og dræmrar þátttöku) að framlengja frest foreldra til að sækja um til 15. apríl. Ítrekun var send 3. apríl til allra foreldra í gegnum Völu þar sem fram kom að búið væri að framlengja umsóknarfrest. Jafnframt var búið að auglýsa verkefnið og senda út tilkynningu á vef Reykjavíkurborgar um breytta lokadagsetningu.

Í mati á verkefninu 2019 kom fram að verkefnið hefði mátt kynna betur. Liður í því að bæta það var að útbúa auglýsinguna sem leikskólastjórar fengu á fleiri tungumálum, vekja meiri athygli á verkefninu á vef borgarinnar og í fjölmiðlum (*fylgiskjal 7*) auk þess að senda upplýsingar til allra foreldra núverandi leikskólabarna í gegnum skráningarkerfi Völu, eins og gert var árið 2019.

Foreldrar sóttu um sumarleyfistíma á eyðublaði hjá deildarstjóra/leikskólastjóra og litið var svo á að þeir foreldrar sem ekki skiluðu inn eyðublaði um sumarleyfistíma færu í sumarleyfi á þeim tíma sem leikskólar barna þeirra loka, eða ef um sumarleikskóla var að ræða, færu í sumarleyfi frá 8. júlí til 6. ágúst.

Eins og fram kom í inngangi þá var samþykkt 14. maí í borgarráði að gera tilslökun á reglum um tuttugu daga sumarleyfi leikskólabarna. Bréf var sent á íslensku, ensku og pólsku til allra foreldra leikskólabarna í gegnum Völu 15. maí. Í bréfinu var hlekkur inn á skráningarblað þar sem foreldrar gátu óskað eftir fækkun á sumarleyfisdögum og var hlekkurinn virkur til og með 25. maí. Þessar beiðnir komu í sérstakt pósthólf sem þrír starfsmenn fagskrifstofu leikskólamála unnu úr, þeir sendu foreldrum svarbréf og komu upplýsingum áfram til opnu leikskólanna. Þar sem umsóknir voru færri en gert var ráð fyrir var ákveðið að framlengja umsóknartímann til og með 1. júní og bréf þess efnis sent út til allra foreldra leikskólabarna þann 27. maí. Alls nýttu 48 börn tilslökun á sumarleyfum.

Vert er að taka fram að við þetta mat er fyrst og fremst horft til tilraunarverkefnis um opnu sumarskólana en mikilvægt er að gera grein fyrir áhrifum vegna tilslakanna á sumarleyfum barna þar sem sú samþykkt hafði nokkur fjárhagsleg áhrif. Einnig skapaði verkefnið ákveðna óvissu þar sem stjórnendur fengu seint að vita hver heildarfjöldi barna væri í sumaropnun en þurftu að ganga frá ráðningum sumarafleysinga áður en það lá fyrir.

Um upplýsingagjöf úr rýnihópum og könnun foreldra

Leikskólastjórar í rýnihópum voru sammála því að sumaropnun leikskóla 2020 hafi verið vel auglýst og öllum foreldrum hefði átt að vera ljóst að mögulegt væri að sækja um að börnin þeirra gætu farið í sumarfrí þegar þess væri óskað. Allir foreldrar fengu tölvupóst, sumir leikskólastjórar hengdu auglýsinguna upp í fataklefum barnanna eða á hverri deild, einhverjir leikskólastjórar settu upplýsingar um sumaropnunina í fréttabréf til foreldra auk þess sem auglýsingar og umfjallanir voru í fréttamiðlum.

Í foreldrakönnun 2020 voru 86,3% þeirra sem svöruðu mjög eða frekar sammála því að þeir hafi fengið nægar upplýsingar um sumaropnunina. Það er hærra hlutfall en árið 2019 en þá voru 78% foreldra mjög eða frekar sammála því að þeir hafi fengið nægar upplýsingar um sumaropnunina. Fleiri auglýsingar á vef Reykjavíkurborgar, umfjöllun í fjölmiðlum, bréf til foreldra á þremur tungumálum og upplýsingar í fataklefa eða á deildum leikskóla virðist því hafa skilað betri upplýsingagjöf til foreldra, eins og markmiðið var. Gagnrýni kom þó fram í rýnihópi leikskólastjóra sem höfðu opið að mikilvægt er að undirbúa sumarleikskólana með töluvert meiri fyrirvara til að hægt sé að auglýsa það fyrr, bæði fyrir foreldra og leikskólastjóra. Samkvæmt leikskólastjórum sem höfðu opið kom fram að undirbúningurinn sjálfur er meira álag fyrir leikskólastjóra en tímabilið sem sumaropnunin er og því mikilvægt fyrir alla aðila að vita með góðum fyrirvara hvernig sumaropnun verður háttað. Leikskólastjórar í rýnihópi sem voru ekki með sumaropnun töldu álag á leikskólastjóra einnig mikið og nefndu þá m.a. að leikskólastjórar í sumarleikskólum eigi á hættu að fá ekkert sumarfrí.

Hafa þarf í huga að samþykkt borgarráðs frá 14. maí 2020 um tilslökun á sumarleyfi vegna verkfalla og Covid-19, hafði áhrif á undirbúning sumarverkefnisins (ráðningu starfsmanna og fjölda barna), framkvæmd verkefnisins, mat á kostnaði og samantekt verkefnisins.

Samantekt

Upplýsingar um sumaropnun leikskóla og þá þjónustu sem var í boði, var vel kynnt.

- Upplýsingar sendar til allra foreldra núverandi leikskólabarna í gegnum skráningarkerfi Völu á þremur tungumálum, 11. mars 2020.
- Auglýsing send til leikskólastjóra, einnig á þremur tungumálum, sem þeir voru beðnir um að hengja upp í leikskólanum.
- Auglýsing á vef borgarinnar og í fjölmiðlum.

Í foreldrakönnun 2020 voru 86% þeirra sem svöruðu mjög eða frekar sammála því að þeir hafi fengið nægar upplýsingar um sumaropnunina. Það er 8% hærra hlutfall en árið 2019.

Gagnrýni kom fram í rýnihópum leikskólastjóra nú og árið 2019, um mikilvægi þess að undirbúa og tilkynna ætti sumaropnunina fyrr á árinu svo leikskólastjórar geti undirbúið starfið og foreldrar undirbúið sumarfrí.

Hafa þarf í huga að tilslökun á sumarleyfi vegna verkfalla og Covid-19 hafði áhrif á mat verkefnisins.

2. Almennt skipulag

Almennt um skipulag sumarleikskóla

Í viðhorfskönnun foreldra kom fram mikil ánægja með þjónustuna, en niðurstaða könnunarinnar sýndi að 97% foreldra voru mjög eða frekar ánægðir með að einn leikskóli í hverjum borgarhluta var opinn, þar af voru 77,9% mjög ánægðir og 18,9% frekar ánægðir. Margir foreldrar lýstu ánægju sinni í opnum svörum könnunarinnar og sögðu kostina helst vera þá að allir í fjölskyldunni gætu verið í sumarfrí á sama tíma, sveigjanleiki og meira val væri fyrir fjölskyldur og nokkrir tóku fram að von þeirra væri að þessi valkostur yrði í boði næstu árin.

Í viðhorfskönnun foreldra var spurt um ástæður þess að foreldrar skráðu barnið/börnin í sumaropnun, 18% foreldra sögðust hafa sótt um að taka sumarleyfi á öðrum tíma vegna þess að þau urðu að taka frí á öðrum tíma en það er 10% lægra en foreldrar svöruðu í könnun 2019, þá var það 28%. 63,6% foreldra sögðu að þeim hefði hentað betur að taka frí á öðrum tíma, en í foreldrakönnun 2019 var það 68%. Töluvert fleiri svöruðu því að aðrar ástæður væru fyrir því að þeir nýttu sumaropnunina árið 2020, 18,2% árið 2020 en aðeins 4% árið 2019. Líklegt má telja að ástæðan sé vegna þess að foreldra þurftu að ganga á orlofsdaga sína vegna Covid-19 og jafnvel verkfalla og völdu því þennan valmöguleika.

Frístundastarf og aðlögun yngstu barna eftir sumarfrí

Í báðum rýnihópum leikskólastjóra var rætt um mikilvægi þess að elstu börn leikskóla ættu að geta hafið frístundastarf við grunnskóla strax eftir sumarfrí. Þá gætu yngstu börnin, sem eru að hefja leikskólavist, hafið aðlögun strax í byrjun ágúst í stað þess að byrja aðlögun jafnvel um miðjan október eins og nú er. Leikskólastjórar lögðu mikla áherslu á að þetta kæmi fram og að fyrirkomulagið yrði endurskoðað.

Umfang vinnu leikskólastjóra

Líkt og árið 2019 kom fram í rýnihópi leikskólastjóra sem höfðu opið að verkefnið fól í sér mikið utanumhald og álag á stjórnendur var mikið. Þeir leikskólastjórar sem voru með sumaropnun árinu áður sögðu álagið þó minna þetta sumarið, einfaldlega af því þeir voru að gera þetta í annað sinn og vissu hvernig fyrirkomulagið yrði, gátu farið í sumarfrí og verið á hliðarlínunni. Það var þó misjafnt eftir leikskólastjórum en virtist mest haldast í hendur við hvernig stjórnendateymið náði að vinna saman yfir tímabilið. Misjafnt var hvort leikskólastjórar sóttust eftir því að vera með sumaropnun í sínum leikskóla, en þeir sem voru með opið í annað sinn voru sammála um að þeir gátu endurbætt og lagað ferla og vinnubrögð og töldu það dýrmæta reynslu sem væri vont að missa ef það væri skipt á milli leikskóla að hafa sumaropnun á hverju ári. Mikilvægt væri þó að viðkomandi stjórnendur hefðu áhuga á að hafa opið, að því er fram kom í rýnihópunum, þ.e.a.s að leikskólastjórar væru ekki skikkaðir til þess að taka þátt í verkefninu.

Leikskólastjórar sem höfðu opið sögðu álag þeirra hafa verið fyrst og fremst vegna skipulags fyrir sumaropnunina en ekki síður vegna starfsmannamála. Einn taldi starfsmenn hafa verið of marga, annar lenti í vandræðum því sumaropnunin var ákveðin mjög seint og reynt starfsfólk búið að skrá sig í sumarfrí yfir sumaropnunina, annar var ánægður með að vera nánast bara með sitt reynda starfsfólk, enn annar lenti í vandræðum í byrjun ágúst þegar hans starfsfólk, auk sumarleyfisstarfsfólksins, var komið til vinnu o.s.frv. Nokkuð álag var einnig þegar starfsmenn sem

unnu í sumaropnun tóku frí á öðrum tíma, t.d. í júní og ágúst og þegar starfsfólk leikskólans var í sumarleyfi um miðjan ágúst og sumarstarfsfólk var að hætta.

Í rýnihópi leikskólastjóra sem höfðu opið kom fram að flestum fannst þeim starfsmenn of margir miðað við barnafjöldann þó ekki allir hafi verið sammála því og töldu skipulagið hafa gengið vel út frá starfsmannafjölda. Ein ástæða þess að fjöldi starfsmanna var hugsanlega of mikill má m.a. rekja til þess að seint í ferlinu var veitt heimild til að víkja frá reglum um leikskólaþjónustu um að barn verði að lágmarki í tuttugu virka daga í sumarleyfi, eins og fjallað var um hér að ofan. Í framhaldi af því breyttu sumir foreldrar sumarleyfisdögum sem gerði það að verkum að barnafjöldinn breyttist, en þá var búið að skipuleggja fjölda starfsfólks yfir hvert tímabil.

Leikskólastjórar sem voru með sumaropnun töldu að ef meiri fyrirvari væri á verkefninu væri hægt að koma í veg fyrir of mikinn starfsmannafjölda því þá væri betur hægt að skipuleggja starfið, fjölda sumarstarfsmanna og sumarfrí almennra starfsmanna, sem hefur áhrif á hvernig starfsmannafjöldinn er í sumarleikskólanum.

Aðlögun barna í sumarleikskóla og viðfangsefni

Líkt og fjallað var um í inngangi skýrslunnar var breyting frá árinu 2019 gerð á ráðningum starfsmanna í sumaropnun, en mönnun var alfarið á hendi leikskólastjóra opnu leikskólanna. Til að aðlögun og yfirfærslan hefði sem minnst áhrif á vellíðan barnsins var foreldrum og börnum úr leikskólum sem lokaði yfir sumartímann boðið upp á heimsókn í sumarleikskólann áður en hann byrjaði. Það mæltist vel fyrir og almenn ánægja var með það hjá foreldrum og börnum. Eins voru einhverjir sem buðu upp á aðlögunarviðtöl sem foreldrar nýttu fyrir sig og barnið/börnin.

Í viðhorfskönnun foreldra sögðu 95,5% að viðmót starfsfólks í leikskólanum, sem var opinn yfir sumartímann, hafi verið mjög eða frekar jákvætt.

Í rýnihópi leikskólastjóra kom fram að dagskipulagið var svipað í sumarleikskólunum og venjulegum leikskóla en þar sem börnin voru töluvert færri var þeim oftast skipt upp í tvo hópa, eldri og yngri börn, færri deildir voru notaðar, útvera og ferðir voru meiri og samvera og hvíldartímar oftast skipulagðir. Málörvun og sérkennsla féll niður í sumarleikskólanum.

Samantekt

97% foreldra sem svöruðu viðhorfskönnun voru mjög eða frekar ánægðir með að einn leikskóli í hverjum borgarhluta var opinn. Að mati foreldra er helsti kosturinn að allir í fjölskyldunni geta verið í sumarfrí á sama tíma, sveigjanleiki og val er meira.

Aðeins 18% foreldra sóttu um að taka sumarleyfi á öðrum tíma vegna þess að þau urðu að taka frí á öðrum tíma. Þeir sem sögðu að þeim hefði hentað betur að taka frí á öðrum tíma voru 63,6% þeirra sem svöruðu. Töluvert fleiri svöruðu því að áðrar ástæður væru fyrir því að þeir nýttu sumaropnunina í könnun 2020 en 2019, 18,2% svöruðu því árið 2020 en aðeins 4% árið 2019. Ástæðan er líklega vegna þess foreldrar höfðu gengið á orlofsdaga sína vegna verkfalla fyrr á árinu og Covid-19.

Leikskólastjórar sem voru með sumaropnun sögðu álag mikið á stjórnendur varðandi skipulag og starfsmannamál, en það skipti þó líka miklu máli hvernig stjórnendateymið náði að vinna saman yfir tímabilið. Leikskólastjórar sem voru með sumaropnun í annað sinn sögðu álagið minna nú en í fyrra

og töldu reynsluna þar skipta miklu máli og hana væri dýrmætt að halda í. Mikilvægt væri þó að leikskólastjórar væru ekki skikkaðir til þess að taka þátt í verkefninu.

Leikskólastjórar töldu að ef meiri fyrirvari væri á verkefninu væri hægt að koma í veg fyrir of mikinn starfsmannafjölda sem sumir leikskólastjórar sögðu hafa verið í sumaropnuninni. Ráðning starfsmanna í sumarleikskóla var alfarið á hendi leikskólastjóra opnu leikskólanna.

Leikskólastjórar með sumaropnun buðu flestir upp á heimsóknir fyrir börn og foreldra úr öðrum leikskólum sem voru skráð í sumarleikskólann, til að aðlögun og yfirfærslan hefði sem minnst áhrif á vellíðan barnsins. Það mæltist vel fyrir og almenn ánægja var með heimsóknirnar.

Í viðhorfskönnun foreldra sögðu 95,5% að viðmót starfsfólks í leikskólanum, sem var opinn yfir sumartímann, hafi verið mjög eða frekar jákvætt.

Í sumaropnunarleikskólunum var barnahópnum oftast skipt upp í tvo hópa, eldri og yngri börn, Notaðar voru færri deildir, útivera og ferðir voru almennt meiri, samvera og hvíldartímar skipulagðari en málörvun og sérkennsla féll niður.

3. Líðan barna

Rýnihópur leikskólastjóra um líðan barna

Í rýnihópi leikskólastjóra sem höfðu opið kom fram að börnin í sumarleikskólanum nutu sín almennt vel og líðan þeirra var góð. Einstaka börnum fannst erfitt að fara úr hefðbundnu skipulagi leikskóla í frjálslegra skipulag, jafnvel án vina sinna, en flest voru þau fljót að aðlagast og þótti gaman. Leikskólastjórar með sumaropnun sögðu sumir það hafa komið þeim á óvart hve vel þetta gekk en töldu að heimsóknir sem þeir buðu upp á, fyrir börn og foreldra sem ætluðu að nýta sumarleikskólann, hafi stutt vel við börnin og gert það m.a. að verkum að líðan þeirra var almennt góð.

Leikskólastjórar í báðum rýnihópunum sögðu ljóst að almennt væru sumarleikskólar hugsaðir fyrir foreldra og atvinnulífið en væri álag fyrir börnin. Hlutverk leikskólanna, að mennta leikskólabörn, væri ekki tryggð í sumarleikskólanum, þó börnin væru almennt glöð og foreldrar ánægðir með þjónustuna. Að mati leikskólastjóra í rýnihópunum er ein af ástæðum þess að þetta er fremur illa nýtt einmitt sú, að það er álag fyrir börnin að fara í nýjan leikskóla og foreldrar vilja ekki leggja það á barnið/börnin sín þegar upp er staðið.

Viðhorfskönnun foreldra um líðan barna

Í viðhorfskönnun foreldra sögðu 86,4% að barninu hafi liðið mjög vel eða frekar vel með að fara í nýjan leikskóla yfir sumaropnunina (75%, 2019), 95,5% sögðu að barninu þeirra hafi gengið mjög vel eða frekar vel að aðlagast nýjum leikskóla (91%, 2019), 87% sögðu að barninu þeirra hafi liðið mjög eða frekar vel með að fara í leikskóla yfir sumaropnunina (91%, 2019) og 94,3% sögðu barnið hafa aðlagast vel í leikskólanum yfir sumartímann (ekki spurt um þetta í könnun 2019). Niðurstöður könnunarinnar sýna því að foreldrar mátu það þannig að líðan og aðlögun barna þeirra hafi almennt gengið mjög vel og það hafi gengið örlítið betur en árið 2019.

Samantekt

Leikskólastjórar sem voru með sumaropnun sögðu börnin almennt hafa notið sín og líðan þeirra verið góða. Einstaka börnum fannst erfitt að fara úr hefðbundnu skipulagi leikskóla í frjálslegra skipulag. Heimsóknir foreldra og barna í sumarleikskólann, fyrir sumarleikskóla opnunina, studdi vel við börnin.

Leikskólastjórar í báðum rýnihópunum sögðu sumaropnun hugsaða fyrir foreldra og atvinnulífið og vera álag fyrir börnin. Ein ástæða þess að sumaropnunin er illa nýtt er að foreldrar vilja ekki leggja það á barnið/börnin sín, að mati leikskólastjóra, að fara í nýjan leikskóla.

Aðlögun barna gekk vel að mati leikskólastjóra og foreldra í viðhorfskönnun:

- 86,4% sögðu að barninu hafi liðið mjög vel eða frekar vel með að fara í annan leikskóla en heimalaikskólann yfir sumaropnunina (75%, 2019)
- 95,5% sögðu að barninu þeirra hafi gengið mjög vel eða frekar vel að aðlagast nýjum leikskóla (91%, 2019)
- 87% sögðu að barninu þeirra hafi liðið mjög eða frekar vel með að fara í leikskóla yfir sumaropnunina (91%, 2019)
- 94,3% sögðu barnið hafa aðlagast vel í leikskólanum yfir sumaropnunartímann (ekki spurt um þetta í könnun 2019).

4. Kostnaður og nýting á vistunartíma í sumarleikskólum 2020

Samtals voru 187 börn sem nýttu sér sumaropnunina. Þar voru 104 börn úr sínum heimaleikskólum en 83 sem komu út öðrum leikskólum. 48 barnanna fengu tilslökun á reglum um 20 daga sumarleyfi.

Nýting barna sem komu úr öðrum leikskólum

Fjöldi barna frá öðrum leikskólum sem komu inn í opnunarleikskólana voru 83 sem er töluverð aukning frá árinu áður en þá voru þau 28.

Skiptingin var þannig:

Bjartahlíð 11 börn

Vinagerði 16 börn

Bakkaborg 19 börn

Rofaborg 7 börn

Drafnarsteinn 14 börn

Lýngheimar 16 börn

Skráður vistunartími barnanna var að meðaltali 8,47 klst. sem er aðeins hærri en frá fyrra ári. Nýttur vistunartími barna sem komu úr öðrum leikskólum var að meðaltali 7,22 klst. en var 5,05 á síðasta ári.

Hlutfall af nýttum vistunartíma var 85,2% í ár en var 61% árið 2019. Það má því sjá að nýting þeirra barna sem koma úr öðrum leikskólum er miklum mun betri en síðast eða 24,2%. Nýtingin í ár er líka jafnari á milli leikskóla frá því sem síðast var en þá var hún frá 47% upp í 90% en er núna 82% - 87,5%.

Tafla 1: Hlutfall af nýttum vistunartíma barna úr öðrum leikskólum:

Leikskóli	Meðaltal af vistunartíma barna á dag	Meðaltal af nýttum tíma barna á dag	Hlutfall af nýttum vistunartíma
Bjartahlíð	8,45	7,36	87,1%
Vinagerði	8,41	7,35	87,5%
Bakkaborg	8,71	7,50	86,1%
Rofaborg	8,57	7,03	82,0%
Drafnarsteinn	8,25	6,94	84,1%
Lýngheimar	8,44	7,13	84,5%
Meðaltal:	8,47	7,22	85,2%

Fjöldi starfsmanna úr öðrum leikskólum

Breytt fyrirkomulag varðandi starfsmenn sem komu frá öðrum leikskóla var þannig að með barni sem kom úr öðrum leikskóla í sumaropnunarleikskólann fylgdi einungis starfsmaður í þremur tilfellum en til samanburðar fylgdi að lágmarki 1 starfsmaður í 4 vikur í sumaropnunarleikskólann sumarið 2019.

Nýting barna í sumaropnunarleikskólunum

Foreldrar 104 barna sem eiga sumaropnunarleikskóla sem heimaleikskóla óskuðu eftir að nýta sér svigrúmið til að taka sumarleyfi á öðrum tíma en í júlí.

Skráður vistunartími var að meðaltali 8,10 klst. og nýttur vistunartími var að meðaltali 6,89 klst. eða 85,1% nýting að meðaltali. Á síðasta ári var nýtingin 79%.

Tafla 2: Hlutfall af nýttum vistunartíma barna úr sumarleikskóla:

Leikskóli	Meðaltal af vistunartíma barna á dag	Meðaltal af nýttum tíma barna á dag	Hlutfall af nýttum vistunartíma
Bjartahlíð	8,23	6,58	80,0%
Vinagerði	7,94	7,15	90,1%
Bakkaborg	8,21	7,03	85,6%
Rofaborg	8,3	7,12	85,8%
Drafnarsteinn	7,69	6,41	83,4%
Lyngheimar	8,2	7,03	85,7%
Meðaltal:	8,10	6,89	85,1%

Kostnaður við sumaropnun leikskóla 2020

Í upphaflegri áætlun SFS vegna sumaropnunar sumarið 2020, var gert ráð fyrir 34 m. kr.

Þann 14. maí var síðan samþykkt að veita tilslökun á reglum um 20 daga samfelldt sumarleyfi barna í þeim tilvikum þegar foreldrar þurftu að ganga á orlofsdaga sína vegna lokunar leikskóla í samkomubanni vegna Covid 19 á tímabilinu 16. mars til 30. apríl. Samþykkti borgarráð viðbótarfjárhæð vegna þess verkefnis, byggt á því að 570 – 580 börn samtals gætu nýtt sér sumaropnunina.

Þar sem úrræðið var til komið vegna afleiðinga heimsfaraldursins var ekki hægt að undirbúa verkefnið með meiri fyrirvara og erfitt var að áætla með nákvæmni hversu stór notendahópurinn yrði og ráðningar starfsfólks tóku mið af ætlaðri aukningu frá árinu 2019. Endanlegur fjöldi barna lá ekki fyrir fyrr en um mánaðarmót maí/júní. Meðalkostnaður á barn hækkaði á milli ára vegna launakostnaðar þar sem búið var að ráða inn sumarafleysingu að hluta miðað við upphaflega áætlaðan fjölda í sumaropnun.

Raunkostnaður við verkefnin tvö varð samtals 44 milljónir. 187 börn samtals, 139 nýttu sér upphaflegt tilboð og 48 börn bættust við vegna tilslakana á reglum vegna orlofstöku vegna Covid 19. Heildarkostnaður við sumaropnunina árið 2019 var 22,5 milljónir og 130 börn nýttu sér sumaropnunina 2019.

Í upphaflegri fjárhagsáætlun vegna sumaropnunar 2020 var gert ráð fyrir 34 milljónum. Borgarráð samþykkti í maí 2020 viðbótarfjárveitingu vegna viðbótar tilslakana og væntrar fjölgunar barna í sumaropnun af þeim sökum.

Kostnaði er skipt upp í þrennt:

Launakostnaður, rekstrarkostnaður og úthlutaður afleysingakostnaður til þeirra leikskóla sem sendu starfsmann til sumaropnunarleikskóla :

1. Úthlutaður launakostnaður til sumaropnunarleikskóla:

Tafla 3: Úthlutaður launakostnaður til sumaropnunarleikskóla:

Leikskóli	Fjöldi afleysingastaða í 4 vikur í stöðugildum	Kostnaður við eina afleysingarstöðu í 4 vikur	Fjöldi stöðugilda deildarstjóra í 4 vikur	Deildarstjóri í opna leikskólanum í 4 vikur	TV einingar til aðstoðarleikskólalæra í 3 mánuði	TV einingar til leikskólalæra í 3 mánuði	Afgangur áætlunar m.v. útreikning launa	Launakostnaður alls
Bjartahlíð	1,00	418.200	3,5	2.117.500	345.015	405.900	2.352.420	5.639.035
Vinagerði	1,00	418.200	2,0	1.210.000	345.015	405.900	1.455.931	3.835.046
Bakkaborg	1,00	418.200	1,0	605.000	345.015	405.900	1.422.702	3.196.817
Rofaborg	1,00	418.200	1,0	605.000	345.015	405.900	1.422.473	3.196.588
Drafnarsteinn	1,00	418.200	2,0	1.210.000	345.015	405.900	1.816.635	4.195.750
Lyngheimar	1,00	418.200	3,0	1.815.000	345.015	405.900	1.854.447	4.838.562
								24.901.798

2. Úthlutaður annar rekstrarkostnaður til sumaropnunarleikskóla:

Tafla 4: Úthlutaður annar rekstrarkostnaður til sumaropnunarleikskóla:

	Ræsting	Aðkeypt fæði í 1 mánuð m.v. 50% fjölda barna	Hreinlætisvörur	Sorphreinsun	Kennsluefni	Annar rekstrarkostnaður alls
Bjartahlíð	420.000	1.312.500	35.000	21.000	57.500	1.846.000
Vinagerði	180.000	562.500	15.000	9.000	31.000	797.500
Bakkaborg	300.000	937.500	25.000	15.000	52.500	1.330.000
Rofaborg	300.000	937.500	25.000	15.000	52.000	1.329.500
Drafnarsteinn	360.000	1.125.000	30.000	18.000	51.500	1.584.500
Lyngheimar	240.000	750.000	20.000	12.000	40.000	1.062.000
						7.949.500

3. Úthlutaður afleysingakostnaður

Tafla 5: Úthlutaður afleysingakostnaður til þeirra leikskóla sem sendu starfsmenn til sumaropnunarleikskóla:

Leikskóli annar en sumaropnun	Sumaropnunar leikskóli	Stöðugildi út frá dagafjölda	Fjárhæð v. sumaropnunar
Laufskálar	Lyngheimar	1	418.200
Vesturborg	Drafnarsteinn	0,5	209.100
Grænaborg	Bjartahlíð	0,25	104.550
			731.850

Hlutfall barna af heildarfjölda barna sem komu í sumaropnun

Samtals voru 187 börn sem nýttu sér sumaropnunina þar af 104 úr sínum heimaleikskólum en 83 frá öðrum leikskólum. Heildarfjöldi í leikskólum borgarinnar í vor var 5.273 börn og því voru 3,54% sem nýttu sér þetta úrræði miðað við 3,3% á síðasta ári. Hlutfall nýtingar á þessu ári var hins vegar 24% hærri í ár eins fram hefur komið.

Viðhorf leikskólastjóra um kostnað

Fullur skilningur var meðal leikskólastjóra í rýnihópum á því að val um sumarleyfistíma er kostur fyrir foreldra. Þeir setja þó spurningamerki við verkefnið, út frá almennri líðan barna, kostnaði og hve fáir nýta tímabilið. Leikskólastjórar í báðum rýnihópum töldu það hafa verið í undantekningar tilvikum sem foreldrar hafi raunverulega þurft á því að halda að nýta sumaropnun og töldu að orlofsdagar vegna Covid-19 og verkfalla hafi verið ástæða þess að fleiri nýttu sumarleikskóla 2020.

Leikskólastjórar sem voru með sumaropnun voru sammála um að verkefnið væri dýrt miðað við nýtingu, t.d. kostnaður við þríf og matarútgjöld, en leikskólastjórnir töldu líka matarsóun of mikla yfir tímabilið. Leikskólastjórar í rýnihópi sem sendu börn í sumarleikskóla sögðu að nóg væri að hafa aðeins tvo til þrjá leikskóla opna í borginni eða hægt væri að flytja verkefnið til annarra aðila sem hefðu áhuga á að vera með sumarleikskóla. Það gætu t.d. verið leikskólakennarar eða aðrir uppeldismenntaðir aðilar sem tækju að sér að vera með sumarskóla og væru ekki tengdir skipulagi almennra leikskóla heldur tækju það að sér sem sjálfstætt verkefni. Þó væri hægt að nýta leikskólabyggingar Reykjavíkurborgar fyrir þetta verkefni og starfsfólk úr leikskólanum, þ.e. starfsfólk sem vill vinna aukalega yfir sumartímann í sumarleikskóla, gæti tekið þátt í því.

Í rýnihópi leikskólastjóra sem voru með sumaropnun las einn leikskólastjóri bréf sem foreldrafélag leikskólans hafði skrifað til að lýsa óánægju með sumaropnunina. Óánægjan fólst í því að í sumarleikskólanum var börnum og starfsfólki blandað saman frá mörgum leikskólum á einn stað, þegar aðrar stofnanir voru að takmarka fjölda þeirra sem komu sama vegna Covid-19.

Viðhorfskönnun foreldra

Í viðhorfskönnun voru foreldrar beðnir að svara nokkrum spurningum um bakgrunn sinn eins og um menntun, tekjur, hvort þau væru í vinnu, í sambúð eða hjónabandi og/eða af erlendum uppruna. Um 91% þeirra sem svöruðu voru í sambúð eða hjónabandi, sem endurspeglar í raun samsetningu foreldra leikskólabarna almennt.

Svör foreldra voru ekki greind niður á þessar bakgrunnsbreytur vegna þess að oft á tíðum eru of fá svör í einstaka hópum (eins og t.d. ekki í starfi eða einstæðir foreldrar) en einnig vegna þess að ekki var mikill munur í dreifingu svara eftir því hver bakgrunnur foreldra er. Ánægjan var frekar svipuð hvert sem menntunarstig, tekjustig o.s.frv. var.

Sú bakgrunnsbreyta sem skar sig úr er hlutfall foreldra með erlendan bakgrunn eða af erlendum uppruna. Samtals voru 95 foreldrar sem svöruðu viðhorfskönnun foreldra. Af þeim voru 7 foreldrar sem svöruðu ekki spurningunni um bakgrunn, 51 foreldri af 88 svöruðu spurningunni um að þeir væru með engan erlendan uppruna, eða 58% en 37 foreldrar af 88 svöruðu að þeir væru með erlendan uppruna, eða 42%. Út frá þeim niðurstöðum er líklegt að hlutfallslega fleiri foreldrar með erlendan bakgrunn hafi nýtt úrræðið.

Viðveruskráning barna í sumarleikskóla var ekki að öllu leyti gerð í skráningarkerfi Völu, aðeins hjá þeim börnum sem voru í sínum heimalaikskóla. Því er ekki hægt að meta hvert heildarhlutfall barna af erlendum uppruna var í sumarleikskólum og aðeins hægt að miða við svörin foreldra í viðhorfskönnun.

Þegar foreldrar voru spurðir hvort leikskólinn sem þeir merktu við væri jafnframt heimaleikskóli barnsins sögðu 53% það vera heimaleikskólann og 47% að það væri ekki heimaleikskólinn. Ekki var spurt um þennan þátt í könnun 2019 en niðurstöður 2020 sýndu að rúmlega helmingur þeirra sem nýttu pláss sumarleikskóla 2020 voru börn sem voru í sínum heimaleikskóla.

Samantekt

Samtals voru 187 börn sem nýttu sér sumaropnunina. Af þeim voru 104 börn úr sínum heimaleikskólum en 83 frá öðrum, sem er töluverð aukning frá árinu áður en þá voru þau 28.

48 börn af 187 fengu tilslökun á reglum um 20 daga sumarleyfi.

Skráður vistunartími barnanna var að meðaltali 8,47 klst. sem er aðeins hærri en frá fyrra ári. Nýttur vistunartími barna sem komu úr öðrum leikskólum var að meðaltali 7,22 klst. en var 5,05 á síðasta ári.

Skráður vistunartími barna úr sumaropnunarleikskóla var að meðaltali 8,10 klst. og nýttur vistunartími var að meðaltali 6,89 klst. eða 85,1% nýting að meðaltali. Á síðasta ári var nýtingin 79%.

Raunkostnaður við sumaropnun 2020 var 44 milljónir. Í upphaflegri fjárhagsáætlun vegna sumaropnunar 2020 var gert ráð fyrir 34 milljónum. Borgarráð samþykkti í maí 2020 90-100 m.kr. vegna viðbótartilslakanna og væntrar fjölgunar barna í sumaropnun af þeim sökum.

Mismunur milli áætlunar 34m.kr. og raunkostnaðar er 10m.kr.sem skýrist af því að reiknað var með að þátttaka yrði meiri og því var hugsanlega ráðið of margt starfsfólk til að hafa borð fyrir báru af þeim sökum.

Fullur skilningur var meðal leikskólastjóra í rýnihópum á því að val um sumarleyfistíma er kostur fyrir foreldra. Þeir telja verkefnið þó vera dýrt miðað við nýtingu, fjölda starfsmanna, kostnað við þrif og matarsóun og setja því spurningarmerki við það. Leikskólastjórar í báðum rýnihópum töldu að orlofsdagar vegna Covid-19 og verkfalla hafi verið ástæða þess að fleiri nýttu sumarleikskóla 2020.

Um 91% þeirra sem svöruðu foreldrakönnun voru í sambúð sem endurspeglar í raun samsetningu forelda leikskólabarna almennt. Alls sögðust 42% af sverendum vera af erlendum uppruna sem er mun hærra en gengur og gerist í foreldrasamfélagi leikskólanna. Því er líklegt að hlutfallslega fleiri foreldrar með erlendan bakgrunn hafi nýtt úrræðið.

Heildar viðveruskráning barna í sumarleikskóla býður ekki upp á að greina börn út frá uppruna.

Heildar samantekt og niðurstaða á tilraunaverkefninu

Við mat á tilraunaverkefninu um sumaropnun leikskóla í Reykjavík 2020 var lögð áhersla á að fá fram sjónarmið foreldra og leikskólastjóra. Var leikskólastjórum gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í rýnihópum og allir foreldrar barna sem nýttu sumarleikskóla fengu senda viðhorfskönnun.

Jafnframt voru fyrirbyggjandi gögn skoðuð, nýting á vistunartíma barna í sumarleikskólum og kostnaður.

Úttektinni er ætlað að svara því hvernig tilraunaverkefnið tókst og eru helstu niðurstöður settar fram með hliðsjóna af mati á greiningu verkefnisins; upplýsingaflæði, almennu skipulagi, líðan barna og kostnaði og nýting vistunartíma.

Upplýsingaflæði

- Upplýsingar um sumaropnun leikskóla og þá þjónustu sem var í boði, var vel kynnt.
- 86% foreldra sem svöruðu foreldrakönnun voru mjög eða frekar sammála því að þeir hafi fengið nægar upplýsingar um sumaropnunina.
- Mikilvægt er að undirbúa og tilkynna sumaropnunina með meiri fyrirvara en gert var.
- Tilslökun á sumarleyfum barna vegna verkfalla og Covid-19 hafði áhrif á mat verkefnisins.

Almennt skipulag

- 97% foreldra sem svöruðu viðhorfskönnun voru ánægðir með að einn leikskóli í hverjum borgarhluta var opinn.
- 63,6% foreldra sem svöruðu viðhorfskönnun, notuðu sumarleikskóla af því það hentaði betur að taka frí á öðrum tíma, 18% af því þeir urðu að nota þennan tíma.
- Leikskólastjórar sögðu álag mikið á stjórnendur varðandi skipulag fyrir sumaropnunina og starfsmannamál.
- Leikskólastjórar í rýnihópi sögðu hægt að koma í veg fyrir of mikinn starfsmannafjölda í sumarleikskólanum með því að hafa meiri fyrirvara á verkefninu.
- Ráðning starfsmanna í sumarleikskóla var alfarið á hendi leikskólastjóra opnu leikskólanna.
- Sumarleikskólar buðu upp á heimsóknir fyrir börn og foreldra úr öðrum leikskólum, sem ánægja var með.
- 95,5% foreldra sem svöruðu viðhorfskönnun sögðu að viðmót starfsfólks í sumarleikskólum hefi verið mjög eða frekar jákvætt.
- Í sumaropnunarleikskólunum var barnahópnum skipt upp í tvo hópa, notaðar voru færri deildir, útvera og ferðir voru almennt meiri, samvera og hvíldartímar skipulagðari en málörvun og sérkennsla féll niður.

Líðan barna

- Börn í sumarleikskólanum nutu sín almennt vel og líðan þeirra var góð.
- Einstaka börnum fannst erfitt að fara úr hefðbundnu skipulagi leikskóla í frjálslegra skipulag.
- Heimsóknir foreldra og barna í sumarleikskólann, fyrir sumarleikskóla opnunina, studdi vel við börnin.
- Leikskólastjórar í rýnihópunum telja sumaropnunin hugsaða fyrir foreldra og atvinnulífið og vera álag fyrir börnin.
- Aðlögun barna gekk vel að mati leikskólastjóra.

- Foreldrar í viðhorfskönnun:
 - 86,4% sögðu að barninu hafi liðið mjög vel eða frekar vel með að fara í annan leikskóla en heimaleikskólann yfir sumaropnunina (75%, 2019)
 - 95,5% sögðu að barninu þeirra hafi gengið mjög vel eða frekar vel að aðlagast nýjum leikskóla (91%, 2019)
 - 87% sögðu að barninu þeirra hafi liðið mjög eða frekar vel með að fara í leikskóla yfir sumaropnunina (91%, 2019)
 - 94,3% sögðu barnið hafa aðlagast vel í leikskólanum yfir sumaropnunartímann (ekki spurt um þetta í könnun 2019).

Kostnaður og nýting á vistunartíma

- Samtals voru 187 börn sem nýttu sér sumaropnunina. Af þeim voru 104 börn úr sínum heimaleikskólum en 83 frá öðrum, sem er töluverð aukning frá árinu áður en þá voru þau 28.
- 48 börn af 187 fengu tilslökun á reglum um 20 daga sumarleyfi.
- Nýttur vistunartími barna sem komu úr öðrum leikskólum var að meðaltali 7,22 klst. en var 5,05 á síðasta ári.
- Nýttur vistunartími barna úr sumaropnunarleikskóla var að meðaltali 6,89 klst. eða 85,1% nýting að meðaltali. Á síðasta ári var nýtingin 79%.
- Raunkostnaður við sumaropnun 2020 var 44 milljónir.
- Í upphaflegri fjárhagsáætlun vegna sumaropnunar 2020 var gert ráð fyrir 34 milljónum. Borgarráð samþykkti í maí 2020 90-100m.kr. vegna viðbótartilslakana og væntrar fjölgunar barna í sumaropnun af þeim sökum.
- Mismunur milli áætlunar og raunkostnaðar er launakostnaður sem skýrist af því að reiknað var með að þátttaka yrði meiri.
- Leikskólastjórar í rýnihópum höfðu fullan skilning á því að val um sumarleyfistíma er kostur fyrir foreldra. Þeir telja verkefnið þó vera dýrt miðað við nýtingu, fjölda starfsmanna, kostnað við þrif og matarsóun og setja því spurningarmerki við það.
- Um 91% þeirra sem svöruðu foreldrakönnun voru í sambúð sem endurspeglar samsetningu forelda leikskólabarna almennt.
- Heildar viðveruskráning barna í sumarleikskóla býður ekki upp á að greina börn út frá uppruna.
- Í viðhorfskönnun foreldra voru 42% af svarendum af erlendum uppruna og því líklegt að hlutfallslega fleiri foreldrar með erlendan bakgrunn hafi nýtt úrræðið.

Fylgiskjöl:

Fylgiskjal 1: Fundargerð borgarráðs, 26. mars 2020, nr. 5581.

<https://reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-5581>

Liður 8: Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 12. mars 2020, varðandi tilraunaverkefni um sumaropnun leikskóla sumarið 2020, ásamt fylgiskjöllum. R20030199

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna fagna því að borgin sé að bjóða fjölskyldum upp á aukna þjónustu og sveiganleika þegar það kemur að því að skipuleggja sumarleyfin sín. Það er ánægjulegt að sjá að í ár hefur verið tekið mið af þeim tillögum að úrbættum sem fram komu í matskýrslu sem var tekin saman eftir sumaropnunina 2019, við undirbúning fyrir sumarið 2020. Hér verður þó að taka inn í myndina að í ljósi aðstæðna, bæði vegna nýafstaðinna verkfalla og COVID-19 faraldursins er mikilvægt að taka mið af ólíkum þörfum hjá fjölskyldum barna.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins leggur áherslu á að auka þjónustu leikskólanna þannig að foreldrar hafi fullt val þegar kemur að leikskólavist barna þeirra á sumrin. Nú verða aðeins 6 leikskólar opnir í ákveðnar vikur í sumar á meðan allir aðrir loka. Einhver börn þurfa að færast á milli leikskóla. Sum börn eru viðkvæm fyrir slíku raski. Sumar lokanir leikskóla eru að verða barn síns tíma. Það að fyrirskipað sé að loka leikskólum samfellt í ákveðnar 4 vikur á sumrin samræmist e.t.v. ekki því þjónustustigi sem væntingar standa til í dag. Lokanir sem þessar koma illa við sumar fjölskyldur og kannski helst einstæða foreldra sem ekki allir fá frí í vinnu sinni á sama tíma og leikskóli barns lokar. Það sumar sem nú gengur í garð verður án efa óvenjulegt vegna aðstæðna, COVID-19 og einnig vegna nýafstaðinna verkfalla. Mikilvægt er að taka sérstaklega mið af ólíkum þörfum íbúa borgarinnar á komandi sumri. Flokkur fólksins leggur til að gerðar verði grundvallarbreytingar á þessu fyrirkomulagi fyrir sumarið 2021. Þá ætti markmiðið að vera að bjóða fjölskyldum borgarinnar upp á fulla þjónustu og sveigjanleika og að foreldrar hafi þá val um hvenær þeir taka sumarleyfi með börnum sínum. Samhliða verður mannekluvandi leikskólanna vissulega að vera leystur.

Helgi Grímsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

Fylgiskjal 2: Fundargerð borgarráðs, 14. maí 2020, nr. 5586.

<https://reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-5586>

Liður 8: Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 12. maí 2020, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að meðfylgjandi tillaga sem samþykkt var á fundi skóla- og frístundaráðs þann 12. maí sl. um frávík frá reglu um að hvert leikskólabarn taki 20 virka daga í sumarleyfi sumarið 2020 vegna COVID-19, verði samþykkt. Heildarkostnaður við tillöguna er áætlaður 90 til 100 m.kr. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að útfæra viðauka við fjárhagsáætlun 2020 í samræmi við tillöguna til framlagningar í borgarráði. R20050099

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Síðustu vikur og mánuðir hafa verið mjög óvenjulegir í skóla- og frístundastarfi borgarinnar og reyndar um heimsbyggð alla. Slíkt ástand kallar á að beitt sé óvenjulegum leiðum til að mæta þörfum foreldra og annarra aðstandenda barna í viðkvæmri stöðu. Þessi tillaga felur í sér að vegna þeirrar röskunar sem COVID-19 hefur valdið verði foreldrum gefinn kostur á að sækja um styttingu á sumarorlofstíma barna sinna á leikskólum. Útfærslan verður með þeim hætti að nýtt verða þau tæplega 500 rými sem eru laus til ráðstöfunar á þeim sex leikskólum sem taka þátt í verkefninu um sumaropnun leikskóla. Tillagan er mikilvægur liður í því að bæta stöðu þeirra foreldra sem þurfa á auknum sveigjanleika að halda vegna afleiðinga COVID-19 faraldursins.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi sósíalista telur jákvætt að verið sé að koma til móts við foreldra/forsjáraðila sem hafa þurft að ganga á orlofsdaga vegna skerðingar á leikskólaþjónustu í samkomubanni vegna COVID-19. Umrædd tillaga felur í sér að foreldrar/forsjáraðilar sem af þeim sökum þurftu að ganga á orlofsdaga sína á tímabilinu 16. mars til 30. apríl og eiga þar af leiðandi innan við 20 daga í sumarorlof, gefist kostur á að sækja um fækkun sumarleyfisdaga leikskólabarns. Fulltrúi sósíalista minnir jafnframt á tilfelli þar sem foreldrar þurftu að ganga á orlofið sitt vegna verkfallsaðgerða sem hófust skömmu fyrir tíma samkomubannsins. Tímabilið sem er hér til umræðu 16. mars til 30. apríl, mætti því ná lengra aftur í tímann, til að koma til móts við foreldra/forsjáraðila sem hafa líka þurft að ganga á orlofið sitt út af verkföllunum sem borgaryfirvöld báru ábyrgð á. Líkt og fram kemur í greinargerð með tillögunni hefur þessi önn í

leikskólum borgarinnar einkennst af fordæmalausum aðstæðum, fyrst vegna verkfalls Eflingar og síðan vegna takmarkanna á leikskólastarfi í kjölfar COVID-19.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er valdniðsla af formanni borgarráðs, Þórdísi Lóu Þórhallsdóttur, að hleypa skrifstofustjóra borgarstjóra, Helgu Björg Ragnarsdóttur inn á fundi þar sem ég, réttkjörin borgarfulltrúi Miðflokksins, hefur skyldusetu samkvæmt lögum. Í þrígang hefur friðhelgi mín á heimili mínu verið brotin að kvöldi til, þegar ábyrgðarpóstur barst mér með grófum ásökunum um einelti af minni hálfu gegn henni. Áreitið gegn mér heldur áfram með samþykki formanns borgarráðs, borgarstjóra og meirihlutans með því að hleypa þessari konu á fundi þar sem ég er. Samkvæmt ásökunum sem bornar hafa verið á mig á þessi kona að forðast mig en ekki sækja í að vera þar sem ég er. Ég mótmæli setu hennar í hvert einasta sinn sem hún mætir á fundi til að verjast áreiti hennar en formaður borgarráðs hefur það að engu. Mitt eina úrræði er því að snúa baki við skrifstofustjóra Dags B. Eggertssonar borgarstjóra, til að forðast áframhaldandi áreiti hennar í minn garð.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi gagnbókun:

Skrifstofustjórum með mál fyrir borgarráði er skylt að fylgja málum sínum eftir sem hefur ekkert með borgarfulltrúa Miðflokksins að gera. Áfram heldur borgarfulltrúinn árásum sínum á starfsfólk sem hann er orðinn þekktur fyrir bæði hjá ríki og borg. Hefði verið betra að borgarfulltrúinn sinnti skyldu sinni og stæði vörð um hag Reykjavíkurborgar frekar en að vinna að því að grafa undan innviðum borgarinnar.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi gagnbókun:

Sveitastjórnarlög ganga lengra en samþykktir Reykjavíkurborgar í lagatúlkun. Í 22. gr. laganna er kveðið á um að sveitarstjórnarmanni ber skylda til að taka þátt í öllum sveitarstjórnarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmæt forföll hamli. Skýrara verður það ekki, en formanni borgarráðs, borgarstjóra og meirihlutanum er ómögulegt að skilja þessa lagagrein. Ég vísa ásökunum þeim sem finna má í gagnbókun meirihlutans á bug, sem er í senn upplýsandi og afhjúpanði fyrir það vinnu umhverfi sem mér er búið í Ráðhúsinu – sífellt áreiti og ásakanir til að grafa undan trúverðugleika mínum. Ég stend sterkari fyrir vikið.

Helgi Grímsson, Helga Björg Ragnarsdóttir og Svavar Jósefsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

Fylgiskjal 3: Foreldrakönnun

Könnunin var send á 232 netföng foreldra, á íslensku, ensku og pólsku. Svörun stóð yfir frá 26. ágúst til 19. september 2020. 95 svör bárust af 232, svarhlutfallið var 41%.

Sumaropnun leikskóla sumarið 2020. Svörun stóð yfir frá 26. ágúst til 19. september. Könnunin var send á 232 netföng foreldra, á íslensku, ensku og pólsku. 95 svör bárust af 232, svarhlutfallið var 41%			
Foreldrakönnun vegna sumaropnunar í leikskóla 2020			
Nýttir þú úrræðið um tilslökun á því að barnið taki 20 daga/4 vikna sumarleyfi?			
		Fjöldi	Hlutfall þeirra sem svara (%)
	Já	61	64,2
	Nei	34	35,8
	Alls	95	100,0
Hver er helsta ástæðan fyrir að þið nýtið ykkur sumaropnun leikskóla?			
		Fjöldi	Hlutfall þeirra sem svara (%)
	Verð(um) að taka frí á öðrum tíma	6	18,2
	Hentar betur að taka frí á öðrum tíma	21	63,6
	Annað, hvað?	6	18,2
	Alls	33	100,0
	Svara ekki	62	
	Alls	95	
Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með að einn leikskóli í hverjum borgarhluta Reykjavíkur sé opin?			
		Fjöldi	Hlutfall þeirra sem svara (%)
	Mjög ánægð(ur)	74	77,9
	Frekar ánægð(ur)	18	18,9
	Hvorki né	2	2,1
	Veit ekki/vil ekki svara	1	1,1
	Alls	95	100,0

Í hvaða leikskóla sótti barnið sumaropnun?			
		Fjöldi	Hlutfall þeirra sem svara (%)
	Bakkaborg	18	19,4
	Bjartahlíð	12	12,9
	Drafnarsteinn	19	20,4
	Lýngheimar	13	14,0
	Rofaborg	16	17,2
	Vinagerði	15	16,1
	Alls	93	100,0
	Svara ekki	2	
	Alls	95	
Er leikskólinn sem þú merktir við hér að ofan jafnframt heimaleikskóli barnsins?			
		Fjöldi	Hlutfall þeirra sem svara (%)
	Já	49	52,7
	Nei	44	47,3
	Alls	93	100,0
	Svara ekki	2	
	Alls	95	
Hversu vel eða illa líður barninu með að fara í annan leikskóla en heimaleikskólann yfir sumaropnunina?			
		Fjöldi	Hlutfall þeirra sem svara (%)
	Mjög vel	26	59,1
	Frekar vel	12	27,3
	Hvorki né	2	4,5
	Frekar illa	4	9,1
	Alls	44	100,0
	Svara ekki	51	
	Alls	95	
Hvernig gekk barninu/börnunum að aðlagast nýjum leikskóla?			

		Fjöldi	Hlutfall þeirra sem svara (%)
	Mjög vel	30	68,2
	Frekar vel	12	27,3
	Hvorki né	1	2,3
	Frekar illa	1	2,3
	Alls	44	100,0
	Svara ekki	51	
	Alls	95	
Hversu vel eða illa líður barninu með að fara í leikskólann yfir sumaropnunina?			
		Fjöldi	Hlutfall þeirra sem svara (%)
	Mjög vel	32	69,6
	Frekar vel	8	17,4
	Hvorki né	4	8,7
	Frekar illa	2	4,3
	Alls	46	100,0
	Svara ekki	49	
	Alls	95	
Barnið aðlagast vel í leikskólanum yfir sumaropnunartímann			
		Fjöldi	Hlutfall þeirra sem svara (%)
	Mjög sammála	60	68,2
	Frekar sammála	23	26,1
	Hvorki né	1	1,1
	Frekar ósammála	3	3,4
	Veit ekki/vil ekki svara	1	1,1
	Alls	88	100,0
	Svara ekki	7	
	Alls	95	
Viðmót starfsfólk í leikskólanum, sem var opin yfir sumartímann, var jákvætt			
		Fjöldi	Hlutfall þeirra sem svara (%)

	Mjög sammála	66	74,2
	Frekar sammála	19	21,3
	Hvorki né	2	2,2
	Veit ekki/vil ekki svara	2	2,2
	Alls	89	100,0
	Svara ekki	6	
	Alls	95	
Ég fékk nægar upplýsingar um sumaropnunina			
		Fjöldi	Hlutfall þeirra sem svara (%)
	Mjög sammála	53	60,2
	Frekar sammála	23	26,1
	Hvorki né	4	4,5
	Frekar ósammála	4	4,5
	Mjög ósammála	3	3,4
	Veit ekki/vil ekki svara	1	1,1
	Alls	88	100,0
	Svara ekki	7	
	Alls	95	
Hver er hjúskaparstaða þín? (Athugið að ekki skiptir máli hvort sambúð eða hjónaband er með foreldri barnsins eða)			
		Fjöldi	Hlutfall þeirra sem svara (%)
	Einstætt foreldri og eitt með forsjá	5	5,6
	Einstætt foreldri og deilir forsjá	3	3,3
	Í sambúð	31	34,4
	Í hjónabandi	51	56,7
	Alls	90	100,0
	Svara ekki	5	
	Alls	95	
Hver er þín hæsta prófgráða?			

		Fjöldi	Hlutfall þeirra sem svara (%)
	Grunnskólapróf	5	5,6
	Framhaldsskólamenntun	13	14,4
	Iðnpróf eða tæknipróf	8	8,9
	Stúdentspróf	5	5,6
	Háskólagráða (BA/BS)	26	28,9
	Meistarapróf	30	33,3
	Doktorspróf	3	3,3
	Alls	90	100,0
	Svara ekki	5	
	Alls	95	
Hvert af eftirfarandi atriðum lýsa stöðu þinni best? (merkið við allt sem við á) - Heimavinnandi			
		Fjöldi	Hlutfall þeirra sem svara (%)
	Heimavinnandi	2	100,0
	Svara ekki	93	
	Alls	95	
Hvert af eftirfarandi atriðum lýsa stöðu þinni best? (merkið við allt sem við á) - Sjálfstætt starfandi			
		Fjöldi	Hlutfall þeirra sem svara (%)
	Sjálfstætt starfandi	10	100,0
	Svara ekki	85	
	Alls	95	
Hvert af eftirfarandi atriðum lýsa stöðu þinni best? (merkið við allt sem við á) - Í hlutastarfi utan heimilis			
		Fjöldi	Hlutfall þeirra sem svara (%)
	Í hlutastarfi utan heimilis	7	100,0
	Svara ekki	88	
	Alls	95	

Hvert af eftirfarandi atriðum lýsa stöðu þinni best? (merkið við allt sem við á) - Í fullu starfi utan heimilis			
		Fjöldi	Hlutfall þeirra sem svara (%)
	Í fullu starfi utan heimilis	63	100,0
	Svara ekki	32	
	Alls	95	
Hvert af eftirfarandi atriðum lýsa stöðu þinni best? (merkið við allt sem við á) - Atvinnulaus / í leit að vinnu			
		Fjöldi	Hlutfall þeirra sem svara (%)
	Atvinnulaus / í leit að vinnu	5	100,0
	Svara ekki	90	
	Alls	95	
Hvert af eftirfarandi atriðum lýsa stöðu þinni best? (merkið við allt sem við á) - Langvarandi veik(ur) eða öryrki			
		Fjöldi	Hlutfall þeirra sem svara (%)
	Langvarandi veik(ur) eða öryrki	1	100,0
	Svara ekki	94	
	Alls	95	
Hvert af eftirfarandi atriðum lýsa stöðu þinni best? (merkið við allt sem við á) - Í fullu námi			
		Fjöldi	Hlutfall þeirra sem svara (%)
	Í fullu námi	3	100,0
	Svara ekki	92	
	Alls	95	
Hvert af eftirfarandi atriðum lýsa stöðu þinni best? (merkið við allt sem við á) - Í hlutanámi			
		Fjöldi	Hlutfall þeirra sem svara (%)
	Í hlutanámi	2	100,0
	Svara ekki	93	

	Alls	95	
Hverjar eru heildartekjur heimilisins (að jafnaði) á mánuði fyrir skatt? Með heildartekjum er átt við launagreiðs			
		Fjöldi	Hlutfall þeirra sem svara (%)
	Lægri en 400 þúsund	11	12,8
	400 til 549 þúsund	13	15,1
	550 til 799 þúsund	12	14,0
	800 til 999 þúsund	15	17,4
	Milljón til 1.199 þúsund	13	15,1
	1.200 þúsund eða hærri	22	25,6
	Alls	86	100,0
	Svara ekki	9	
	Alls	95	
Hver er bakgrunnur þinn/ykkar?			
		Fjöldi	Hlutfall þeirra sem svara (%)
	Enginn erlendur bakgrunnur	51	58,0
	Annað foreldri erlent	17	19,3
	Innflytjandi	20	22,7
	Alls	88	100,0
	Svara ekki	7	
	Alls	95	
Tungumál/Language			
		Fjöldi	Hlutfall þeirra sem svara (%)
	English (UK)	13	13,7
	Icelandic	71	74,7
	Polish	11	11,6
	Alls	95	0,0

Hallgerður Inga Gestsdóttir tók saman.
Tölfræði- og rannsóknþjónusta skrifstofu
skóla- og frístundasviðs

Fylgiskjal 4: Tilkynning til foreldra leikskólabarna

Reykjavík 11. mars 2020

Efni: Tilraunaverkefni um sumaropnun leikskóla

Kæru foreldrar/forsjáaraðilar

Rétt eins og síðastliðið sumar hefur verið ákveðið að bjóða foreldrum aukinn sveigjanleika á orlofstímanum með því að hafa einn leikskóla í hverju hverfi opinn allt sumarið 2020.

Þeir leikskólar sem verða opnir eru:

Bakkaborg í Breiðholti,
Bjartahlíð í Miðborg/Hlíðum,
Drafnarsteinn í Vesturbænum,
Rofaborg í Árbæ/Grafarholti,
Lyngheimar í Grafarvogi,
Vinagerði í Laugardal/Háaleiti.

Eins og undanfarin ár munu aðrir leikskólar loka í 4 vikur yfir sumarið. Tímabil sumarlokunar er ákveðið í samráði við starfsmenn og foreldraráð leikskólans.

Ef foreldrar óska þess að taka sumarleyfi á öðrum tíma en leikskóli barnsins er hægt að sækja um að barnið sækji einn af þeim leikskólum sem bjóða upp á sumaropnun sumarið 2020, þann tíma sem leikskóli barnsins er lokaður. Sækja þarf um samfellt tímabil, að lágmarki í eina viku.

Öll börn í leikskólum Reykjavíkur skulu taka að minnsta kosti 20 virka daga samfleytt í sumarleyfi á sumarleyfistíma.

Rétt er að hafa í huga að flutningur á milli leikskóla getur verið sumum börnum erfiður þótt leitast verði við að starfsmaður sem fylgi barninu þekki það vel.

Einn starfsmaður úr leikskóla barnsins mun fara með börnunum sem flytjast í opna leikskólann og vera í þeim leikskóla í eina viku á meðan aðlögun stendur yfir.

Umsókn um vistun í opna leikskólann skal skila til leikskólastjóra heimaleikskóla barns í síðasta lagi **1. apríl** næstkomandi og er umsóknin bindandi.

Ef ekki er sótt um vistun í opinn leikskóla er litið svo á að barn muni fara í sumarleyfi á þeim tíma sem leikskóli þess lokar.

Virðingarfyllt,

Ingibjörg Margrét Gunnlaugsdóttir,
skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskóla á skóla- og frístundasviði.

Fylgiskjal 5: Umsóknareyðublað um sumarleyfi.

Umsókn um sumarleyfi

Samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu skulu öll börn í leikskólum taka að lágmarki 20 virka daga samfleytt í sumarorlof á hefðbundnum sumarleyfistíma sjá reglur um leikskólaþjónustu <https://reykjavik.is/reglur-um-leikskolathjonustu>

Leikskólar borgarinnar loka að jafnaði í fjórar vikur vegna sumarleyfa. Sumarið 2020 verður þó einn leikskóli í hverjum borgarhluta opinn allt sumarið. Leikskóli ykkar barns verður opinn í sumar en megin sumarleyfistími verður frá 8. júlí – 6 ágúst. 2020.

Óskir þú/þið þess að taka sumarleyfi utan megin sumarleyfistíma, þá vinsamlegast skilið umsókn þessari um sumarleyfi á öðrum tíma til leikskólastjóra **fyrir 1. apríl 2020.**

Vinsamlega skráið hvaða tímabil sótt er um sumarleyfi: _____

Nafn barns: _____

kt. barns: _____

Er eitthvað sem foreldri/forsjáraðili vill koma á framfæri vegna þessa?

Dagsetning: _____

Undirskrift foreldris/forsjáraðila

Fylgiskjal 6: Auglýsing send til leikskólastjóra.

SUMARLEYFI OG OPNIR LEIKSKÓLAR SUMARIÐ 2020



Kæru foreldrar/forsjáraðilar

Rétt eins og síðastliðið sumar hefur verið ákveðið að bjóða foreldrum **aukinn sveigjanleika á orlofstímanum** með því að hafa einn leikskóla í hverju hverfi opinn allt sumarið 2020.

Eins og undanfarin ár munu leikskólar ykkar barna loka í 4 vikur yfir sumarið. Sumarlokunartímabilið er tekið í samráði við starfsmenn og foreldraráð leikskólans.

Öll börn í leikskólum Reykjavíkur skulu taka að minnsta kosti 20 virka daga samfleytt í sumarleyfi á sumarleyfistíma.


Ef foreldrar óska þess að taka sumarleyfi á öðrum tíma en leikskóli barnsins er **hægt að sækja um að barnið sæki leikskóla sem er með sumaropnun**, þann tíma sem leikskóli barnsins er lokaður. Sækja þarf um samfellt tímabil, að lágmarki í eina viku.

Rétt er að hafa í huga að flutningur á milli leikskóla getur verið sumum börnum erfiður þótt leitast verði við að starfsmaður sem fylgi barninu þekki það vel.

Einn starfsmaður úr leikskóla barnsins mun fara með börnunum sem flytjast í opna leikskólann og vera í þeim leikskóla í eina viku á meðan aðlögun stendur yfir.

Umsókn um vistun í opna leikskólann skal skila til leikskólastjóra heimaleikskóla barns í síðasta lagi 1. apríl nk. og er umsóknin bindandi.

Ef ekki er sótt um vistun í opinn leikskóla er litið svo á að barn muni fara í sumarleyfi á þeim tíma sem leikskóli þess lokar.



Fylgiskjal 7: Upplýsingar um sumaropnun á vef borgarinnar og í fjölmiðlum.

Athygli var vakin á verkefninu á vef borgarinnar og í fjölmiðlum, sjá vefslóðir;

Á vef Reykjavíkurborgar:

<https://reykjavik.is/frettir/sumaropnun-i-sex-leikskolum>

<https://reykjavik.is/frettir/framlengdur-umsoknarfrestur-i-sumaropinn-leikskola>

Frétt á mbl.is;

<https://www.mbl.is/frettir/innlent/2020/03/11/sumaropnanir-a-leikskolum-i-ollum-hverfum-i-sumar/>

Frétt í Fréttablaðinu:

<https://www.frettabladid.is/frettir/sumaropnanir-i-nokkrum-leikskolum-i-reykjavik/>

